

Sp. 27. Tillaga til þingsályktunar [27. mál]

um skipan nefndar til þess að spyrja dómismálaráðherra spurningar.

Flm.: Vilmundur Gylfason.

Alþingi ályktar að skipa tveggja manna nefnd, sem kosin verði hlutfallskosningu á Alþingi, til þess að spyrja dómismálaráðherra eftirfarandi spurningar: Hefur dómismálaráðherra talið ástæðu til þess að gera athugasemdir við embættisfærslu sýslumannsins á Höfn í Hornafirði hinn 18. ágúst s. l.?

Nefndin verði ólaunuð.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt vegna þess, að þó svo forseti sameinaðs Alþingis geti gert um það tillögu að banna fyrirspurnir til ráðherra, svo sem gerðist á fundi sameinaðs þings hinn 13. október s. l., getur hann engri slíkri heftingu á *málfrelsi þingmanna beitt gegn þingsályktunartillögum* (sbr. 28. gr. þingskapalaga).

Ekki má ólíklegt telja, að tillagan verði dregin til baka, þegar hún hefur fengist rædd. Það er þó undir því komið, að ekki verði gerðar fleiri tilraunir til þess að beita einstaka þingmenn bolabrögðum — í nafni laganna.

Allmargir þingmenn, misjafnlega mikið þó, hafa stöðugt á orði eitthvað sem þeir kalla virðingu Alþingis. Má þar sérstaklega nefna til formann þingflokks Sjálfstæðisflokksins, Ólaf

G. Einarsson. Að mati flutningsmanns dró þessi afstaða meiri hluta Alþingis nokkuð úr „virðingu Alþingis“, og voru þó vissir veikleikar í kerfinu fyrir, að ekki sé meira sagt.

Háttvirtir alþingismenn þurfa um það að vita, að forseti sameinaðs Alþingis greindi Alþingi *rangt* frá fundi Alþingis hinn 13. október s. l.

Fyrirspurn sú, sem hér um ræðir, var lögð til skjalavardar með formlegum hætti, eins og reglur gera ráð fyrir. Forseti hafði samband við fyrirspyrjanda og óskaði eftir orðalagsbreytingum og var við því orðið og fyrirspurn handskrifuð að nýju í skrifstofu forseta. Sú fyrirspurn er samhljóða þeirri sem í ályktunargreininni er nú. Nú vildi forseti nýja fyrirspurn *sem hann ritaði eigin hendi*. Hún var svofellð: Telur dómsmálaráðherra þörf á nánari ákvæðum um frásagnir opinberra starfsmanna af gangi rannsóknar á afbrotamálum?

Svo sem glöggir alþingismenn væntanlega sjá er hér um að ræða *allt aðra fyrirspurn*. Forseta var tjáð að ef hann hefði áhuga á því að fá svör dómsmálaráðherra við þessari spurningu gæti hann fengið einhvern flokksbróður sinn til þess að flytja hana.

Fríðrik Sophusson greindi frá þessum samskiptum í þingræðu, þegar hann gerði grein fyrir atkvæði sínu, og fór, eins og þingmenn mega sjá, með *fleipur tómt*.

Á þingfundi hinn 13. október s. l. gerði forseti, Jón Helgason, sig sekan um *hlutdræga fundarstjórn*. Hann bannaði umræður um efnisatriði fyrirspurnarinnar, og varð fyrirspyrjandi við því. Hann gerði hins vegar engar athugasemdir við margendurtekna yfirlýsingar nokkurra þingmanna sem lýstu sig andvíga efni fyrirspurnarinnar.

Flutningsmaður harmar mjög að sjá sig nauðbeygðan að flytja þetta mál inn á Alþingi með þessum hætti. Þetta átti að vera venjuleg fyrirspurn, fram sett og afgreidd með venjulegum hætti. Hefðu mál gengið svo fyrir hefði Alþingi ekki verið sett undir þá óheppilegu mælistiku sem meiri hluti þingmanna óneitanlega hefur gert með *barnalegri framkomu sinni*. Barnalegar tilraunir til þess að einangra einstaka þingmenn eru dæmdar til þess að mistakast þegar svo klaufalega er að verki staðið sem nú *hefur átt sér stað*.

Efnislega fjallar þessi fyrirspurn um embættisfærslu tiltekins embættismanns á tilteknum degi s. l. sumar. *Það er ekki vilji flutningsmanns að ræða hið hörmulega baksvið. Það skal rækilega undirstrikað hafi það verið hald einhverra*. Það, sem gagnrýnt var í blaðgrein (Helgarpósturinn, 20. ágúst s. l.), var það, að u. þ. b. klukkustund eftir að játning á atburði hafði átt sér stað greindi sýslumaður frá framburði þess sem játaði, þar með talið að um hefði verið að ræða neyslu tiltekinna eiturfna. (Þetta minnti mjög á hliðstæða fréttatilkynningu sem Rannsóknarlögregla ríkisins sendi frá sér vegna hliðstæðs atburðar sumarið 1981. Verður greint frá því í framsöguræðu.)

Það er mikill misskilningur, einkum nokkurra fréttamanna, að einhver hafi gagnrýnt að fréttamenn skyldu leita upplýsinga um þetta mál. Það er auðvitað þeirra starfi og ekkert við því að segja. Það hefur ekki heldur verið fundið að því, að svör skyldu hafa verið gefin í sjálfu sér. *Það, sem gagnrýnt hefur verið, er hvað sagt var*. Það verður nánar skýrt í framsöguræðu.

Aðalatriði þessa máls eru þau, að það eru staðreyndir í íslensku þjóðfélagi eins og öðrum samfélögum, að sumt fólk hneigist að sama kyni og það er sjálft. Það eru líka staðreyndir, að sumt fólk neytir eiturfna. Reynsla alls staðar í veröldinni segir að það er auðvelt að vekja upp fordóma gagnvart slíku fólki. Við bætist að í nefndum tilvikum átti *erlent* fólk hlut að máli.

Því er lagt til að hæstvirtur dómsmálaráðherra verði svo spurður.

Það er mat flutningsmanns að meiri hluti alþingismanna hafi gert sig sekan um að flækja mikið alvörumál í frumskógi formsatriða og svipta alþingismann málfrelsi í tilteknu máli. Flutningsmaður mælist til þess, að meiri hluti alþingismanna *sjái að sér* og umfram allt sjái til þess, að umræður um þetta *alvörumál* verði á háu stigi, en ekki láγκúru að bráð.

Fylgiskjal

Rannsóknarlögregla ríkisins.

Kópavogi 14. 10. 1982 kl. 11:20.

Grétar Sæmundsson, rlm.

Skýrsla varðandi fyrirspurn Vilmundar Gylfasonar, alþingismanns, vegna rannsóknar á svonefndu „Skaftafellsmáli“.

1. Hvenær fór handtaka fram?

Svar: Tveir menn úr Hjálparsveit skáta í Hafnarfirði fundu hinn grunaða í hellisskúta við rætur Hafrafells. Hinn grunaði fylgdi þeim sjálfviljugur niður á vegarslóða þar sem sýslumaður Austur-Skaftafellssýslu var staddur. Hinn grunaði var fluttur í bifreið sýslumanns í þjónustumiðstöðina í Skaftafelli. Í bifreiðinni á þeirri leið var auk grunaða sýslumaður sjálfur og lögregla. Nákvæm tímasetning er ekki til á því hvenær hinn grunaði fannst né hvenær komið var með hann til sýslumanns, en kl. var 10:35 þann 18. 8. 1982 þegar komið var með þann grunaða í þjónustumiðstöðina. Áætla má að ekki hafi liðið meira en 10 mín. frá því maðurinn fannst og þar til komið var með hinn grunaða í þjónustumiðstöðina.

2. Var manningun kynnt réttarstaða hans?

Svar: Þrjú rannsóknarlögreglumenn frá RLR voru staddir í þjónustumiðstöðinni þegar komið var með hinn grunaða þangað. Tveir af þeim fóru þegar og tilkynntu sambýliskonu hins grunaða að hann væri fundinn og hvar hann væri. Undirritaður hóf þegar frumyfirheyrslu. Í upphafi var kannað hvort hann hefði óskir um að fá einhverja næringu og óskum hans í því efni fullnægt strax á meðan á yfirheyrslu stóð. Honum var þá kynnt hvað hann væri grunaður um og í beinu framhaldi af því kynnt réttarstaða grunaðra manna svo sem lög mæla fyrir um. Þá var hann spurður hvort hann væri þá þegar tilbúinn til að tjá sig um sakarefnið og kvaðst hann tilbúinn til þess. Að því búnu skýrði hann sjálfstætt frá helstu atriðum málsins. Yfirheyrsla þessi stóð frá kl. 10:35 til kl. 13:30. Viðstaddur yfirheyrsluna allan tímann, sem vottur, var lögreglumaður frá Höfn. Auk þess var sýslumaður Austur-Skaftafellinga viðstaddur í upphafi yfirheyrslunnar, þegar hinn grunaði skýrði sjálfstætt frá.

3. Hvað var kl. þegar fyrsta frásögn birtist í fjölmiðlum?

Hér mun átt við frásögn í fjölmiðlum af framburði mannsins. Í þessu skyni skal upplýst að þegar yfirheyrslu var lokið kl. 13:30 hafði undirritaður símasamband við Þóri Oddsson, vararannsóknarlögreglustjóra, og skýrði Þórir þá frá að í hádegisfréttatíma Ríkisútvarpsins hefði verið frásögn af framburði hins grunaða.

Því má hér bæta við, að þrjú rannsóknarlögreglumenn frá RLR voru sendir á staðinn til rannsóknar málsins. Svo sem starfsreglur RLR mæla fyrir um gáfu þessir rannsóknarlögreglumenn engar upplýsingar um málið til fréttamanna, en vísuðu fyrirspurnum til Þóris Oddssonar, vararannsóknarlögreglustjóra.

Grétar Sæmundsson, rlm.
(sign.)